

Fundargerð 356. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands 8. apríl 2013

Árið 2013, mánudaginn 8. apríl kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar símafundur í Virkisbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason sat fundinn. Guðný Sverrisdóttir, Ólafur Örn Ólafsson, Steinþór Pétursson voru í símasambandi.

Að auki sat fundinn Bjarni Ómar Haraldsson og ritaði fundargerð

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stjórnarfundur hafnasambandsins 2013 - 1301023HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 355. fundar frá 14. mars 2013.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna

2. Langtímastefna fyrir hafnir landsins - 1211015HA

Lagður fram samningur við Íslenska sjávarklasann sem formaður undirritaði þriðjudaginn 26. mars sl.

Til kynningar

3. Hafnafundur 2013 - 1301025HA

Lögð fram að nýju drög að dagskrá. Formaður fræðslunefndar gerir grein fyrir stöðu mála.

Búið er að panta fundarsal í björgunarsveitarhúsinu í Grindavík. Ólafur gerir athugasemd við staðsetningu fundarins í björgunarsveitarhúsinu í Grindavík en hann telur húsið aðeins rúma 60-70 manns en reikna má með allt að 100 manns á fundinn. Valur hefur skoðað húsnæðið sem hann taldi að rúmaði fundinn en þar getur maturinn einnig verið. Þetta þarf að skoða vel þannig að fundurinn rúmist en aðstaðan er að öðru leyti góð. Þrír til fjórir utanaðkomandi aðilar munu koma að fundinum, innanríkisráðherra, Sjávarklasinn og Fiskistofa.

4. Endurskoðun hafnalaga - 1003004HA

Lögð fram að nýju umsögn hafnasambandsins um frumvarp til breytinga á hafnalögum en löggin fóru ekki gegn á seinasta þingi.

Stjórn Hafnasambands Íslands lýsir yfir miklum vonbrigðum með að ekki hafið náðst að ljúka afgreiðslu frumvarps til laga um breytingu á hafnalögum á nýafstöðnu þingi. Hafnasambands Íslands skorar á innanríkisráðherra að tryggja framgang málsins á komandi sumarþingi.

5. Vorferð hafnasambandsins 2013 - 1301011HA

Lögð fram að nýju drög að dagskrá vegna vorferðar stjórnar sem verður í lok maí 2013. Formaður gerir grein fyrir stöðu mála.

Formaður fór yfir stöðuna vegna vorferðar stjórnar sem verður í lok maí.

Fundi var slitið kl. 11:30

Gísli Gíslason

Guðný Sverrisdóttir

Ólafur Örn Ólafsson

Steinþór Pétursson

Bjarni Ómar Haraldsson